

Mál nr. 146/2018**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur við Þórðarsveig 11-15 við útakstur úr bílakjallara 27.3.2018.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 16.5.2018, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 29.5.2018.

Bréf V2, dags. 30.5.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar bifreið A var ekið úr bílakjallara eftir rampi upp á akbraut götunnar Þórðarsveigs og bifreið B var ekið um Þórðarsveig.

M telur að bifreið B beri alla sök þar sem ökumanni þeirrar bifreiðar hafi borið að veita umferð frá hægri forgang þar sem báðum bifreiðum hafi verið ekið eftir akbrautum Þórðarsveigs.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur með vísan til borgarvefsjár að það svæði sem bifreið A var ekið eftir sé ekki einkalóð og því hafi báðum bifreiðum verið ekið eftir opnu svæði í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ökumanni bifreiðar B því borið að veita bifreið A forgang frá hægri.

V2 vísar til mynda af vettvangi og þess að bifreið B hafi ótvírætt verið ekið eftir akbraut Þórðarsveigs þegar árekstur varð og bifreið A frá rampi bílakjallara inn á akbrautina. Hafi M sem ökumanni bifreiðar A því borið að veita bifreið B forgang þar sem bifreið A hafi verið ekið frá bifreiðastæði eða sambærilegu svæði inn á akbraut.

Álit.

Af gögnum málsins, þar á meðal myndum af vettvangi, verður að telja að það svæði sem ágreiningur lýtur að geti ekki falið í sér vegamót eða opið svæði í skilningi 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Bílakjallari og rampur frá honum verða að teljast innan bifreiðastæðis eða sambærilegs svæðis í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Mögulega erfiðar aðstæður við að gæta þess forgangs við akstur upp úr bílakjallaranum og hönnun fasteignarinnar breyta ekki þeirri afstöðu. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A (M) ber alla sök á árekstri við bifreið B.

Reykjavík, 12. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmaður

Lúðvík Bergvinsson lögmaður